

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1985.

1. gr.

Þinggjöld skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1985. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánudina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða á hverjum gjalddaga 11,4% þeirra þinggjalda er honum þar að greiða á árinu 1984.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1985 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli árána 1983 og 1984, að tekjuskattsstofn á tekjuárinu 1984 sé meira en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1983 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 50%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástaður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaðan einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1985 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1984.

Albert Guðmundsson

Lárus Ögmundsson.